

# Tungumálaerfiðleikar

Getur þú svarað þessum spurningum? Væri umsókn þín um landvistarleyfi í lagi?

<b>Málefni</b>	Mismunun og útlendingahatur, mannöryggi, menntun
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 2
<b>Hópstærð</b>	Hver sem er
<b>Tími</b>	30 mínútur
<b>Yfirlit</b>	Þetta er hermíleikur sem sýnir þá erfiðleika sem flóttamenn standa frammi fyrir þegar þeir sækja um landvistarleyfi. Fjallað er um eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vonleysi og viðkvæm mál sem flóttamenn glíma við</li> <li>• Hvernig sigrast megi á tungumálaerfiðleikum.</li> <li>• Mismunun sem á sér stað í umsóknarferlinu.</li> </ul>
<b>Tengd réttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rétturinn til að sækja um og fá landvistarleyfi.</li> <li>• Rétturinn til að vera ekki mismunað vegna þjóðernis eða upprunals.</li> </ul>
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að vekja athygli á mismunun hjá innflytjendastofnunum þegar farið er yfir umsóknir um landvistarleyfi.</li> <li>• Að sýna fram á mikilvægi menntunar, bæði hvað varðar tungumál og menningu annarra þjóða.</li> <li>• Að stuðla að samhygð með því að vekja skilning á þeim erfiðleikum sem flóttamenn ganga í gegnum þegar þeir sækja um landvistarleyfi.</li> </ul>
<b>Efniviður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Eintak af „umsókn um landvistarleyfi“, eitt á mann.</li> <li>• Pennar, einn á mann.</li> </ul>
<b>Undirbúningur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Innréttuðu stofuna þannig að þú getir setið við skrifborð og látið sem þú sért á opinberri skrifstofu.</li> </ul>

## Leiðbeiningar

1. Segðu þátttakendum að ganga inn en láttu sem þú sjáir þá ekki og heilsaðu ekki neinum. Segðu þeim ekkert um framvindu mála.
2. Bíddu í nokkrar mínútur fram yfir tilsettan „opnunartíma“ og afhentu þeim svo „umsóknirnar um landvistarleyfi“ og pennana.
3. Segðu þeim einungis að þeir fái fimm mínútur til að útfylla eyðublaðið. Láttu sem þú heyrir ekki neinar spurningar eða andmæli. Þú getur segja eitthvað skaltu tala annað tungumál (eða „heimatilbúið“ tungumál) og gefa bendingar. Hafðu öll samskipti eins knöpp og hægt er. Hafðu í huga að vandamál flóttamanna koma þér ekkert við, þér ber aðeins að láta þá fá eyðublaðin og taka við þeim aftur!
4. Heilsaðu þeim sem koma of seint stuttaralega (t.d. „Þú ert seint á ferð. Útfylltu þetta eyðublað. Við lokum eftir smástund.“)
5. Þegar fimm mínúturnar eru liðnar skaltu safna saman eyðublaðunum, án þess að sýna nein svipbrigði eða persónulegt viðmót.

### MÁLEFNI



### MISMUNUN



### MANNÖRYGGI



### MENNTUN

### ÞYNGDARSTIG



### STIG 2

### HÓPSTÆRÐ



### HVER SEM ER

### TÍMI



### 30 MÍNÚTUR

6. Kallaðu upp nafn á einhverri umsókninni og segðu viðkomandi að stíga fram. Líttu á umsóknina og finndu upp á einhverri athugasemd um hvernig hún er útfyllt, svo sem „þú svaraðir ekki 8. spurningu“ eða „ég sé að þú hefur svarað 6. spurningu neitandi. Landvistarleyfi hafnað“. Segðu viðkomandi að fara. Ekki ræða málið neitt frekar. Kallaðu strax á næsta mann.
7. Endurtaktu þetta nokkrum sinnum. Ekki þarf að fara yfir allar umsóknirnar, haltu bara áfram þar til þátttakendum er ljóst hvað er á seyði.
8. Að lokum skiptir þú um hlutverk og býður þátttakendum að ræða um það sem fram fór.

## Samantekt og mat

Spyrja ætti þátttakendur hvernig þeim leið meðan á verkefninu stóð og hefja síðan umræður um það sem fram fór og hvaða lærdóm þeir drógu af því.

- Hvernig leið þátttakendum þegar þeir þurftu að fylla út eyðublað án þess að skilja hvað á því stóð?
- Var þetta raunsæ eftirlíking af þeirri reynslu sem hælisleitendur þurfa að ganga í gegnum?
- Teljið þið að hælisleitendur njóti sannmælis þegar þær sækja um landvistarleyfi í heimalandi ykkar? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- Hvaða afleiðingar getur það haft fyrir fólk ef umsókn þess er hafnað?
- Hafa þátttakendur einhvern tímann verið í þeim aðstæðum að geta ekki talað tungumál opinbers starfsmanns sem krefst svara, til dæmis lögreglu eða miðavardar? Hvernig leið þeim þá?

## Ábendingar til leiðbeinanda

Þetta er fremur auðvelt verkefni, aðalatriðið er að sýna næga „hörku“ í hlutverkinu, vera alvarlegur, strangur og kerfisbundinn í störfum. Það kemur leiðbeinandanum ekkert við hvernig aðstæður flóttamanna eru; hann er bara að sinna sínum skyldustörfum! Margir eru alfarið á móti því að hleypa flóttamönnum inn í land sitt. Starfsmenn innflytjendastofnana þurfa samkvæmt fyrirmælum að velja úr hópi flóttamanna og veita aðeins þeim hæli sem geta framvísað skilríkjum og hafa útfyllt umsóknareyðublaðið á réttan hátt. Flóttamennirnir hafa yfirleitt ekki viðkomandi tungumál á valdi sínu og eiga afar erfitt með að útfylla pappírana. Þeir eru jafnframt undir miklu álagi og í tilfinningalegu uppnámi. Einkum finnst þeim erfitt að skilja það sem fram fer þegar umsóknum þeirra er hvað eftir annað hafnað af einhverjum ástæðum sem eru þeim huldar.

## Tillögur um framhald

Ef þátttakendur hafa áhuga á að kanna nánar rökin fyrir því hvers vegna sumir fá landvist, en aðrir ekki, er bent á verkefnið „Má ég koma inn?“ á bls. 170.

Hægt er að leita fleiri hugmynda að verkefnavinnu um flóttamannavandann á heimasíðu Flóttamannastofnunar SP: [www.unhcr.ch](http://www.unhcr.ch)

## Lykildagsetningar

26. júní

Dagur stofnsáttmála SP

21. febrúar

Alþjóðadagur móðurmáls

## Hugmyndir um aðgerðir

Þátttakendur gætu boðið starfsmanni innflytjendastofnunar til fundar og beðið hann að kynna starfs svið sitt. Einnig gætu þeir skipulagt heimsókn til stofnunarinnar til að kynna sér hvernig umsóknarferli um landvistarleyfi fer fram. Þátttakendur gætu einnig tekið viðtöl við hælisleitendur og starfsfólk stofnunarinnar til að komast að því hver sjónarmið þeirra eru og fjallað síðan um óréttlæti og/eða ólög mæti þeirra aðferða sem beitt er. Efnid mætti síðan nota til að vekja athygli á málefnum flóttamanna eða til upplýsingar fyrir innflytjendaráð eða stofnanir á borð við Flóttamannastofnun SP.

## Nári upplýsingar

Finna má upplýsingar um flóttamenn í ítarefni sem fylgir verkefninu „Má ég koma inn?“ á bls. 98.

## Flóttamaður eða hælisleitandi: Hver er munurinn?

Oft gerir fólk ekki greinarmun á hugtökunum hælisleitandi og flóttamaður. Það notar stundum orðið flóttamaður yfir hvern þann sem leitar hælís eða hefur verið veitt hæli. Lagalega hafa þessi hugtök ólíka merkingu og afleiðingar.

„**Flóttamaður**, í skilningi Flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), er sá sem er utan við heimaland sitt og þarfnast verndar og á skilið vernd í öðru ríki vegna þess að hann hefur ástæðuríkan ótta að verða fyrir (eða hefur orðið fyrir) ofsóknum í heimaríki sínu og að hans eigin ríkisstjórn annað hvort getur ekki eða vill ekki veita honum vernd fyrir ofsóknum. Sá sem talinn er uppfylla þessi skilyrði á rétt á að fá stöðu flóttamanns ef viðkomandi ríki er aðili að Flóttamannasamningnum.

Þegar einstaklingur sækir um hæli utan eigin ríkis er hann fyrst skilgreindur sem **hælisleitandi** af stjórnvöldum í viðkomandi landi. Með umsókn um hæli er viðkomandi að biðja um viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður. Ef stjórnvöld fallast á réttmæti umsóknar um hæli fær viðkomandi viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður í skilningi Flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1951 og viðauka hans frá 1967. Við það öðlast hann ákveðin réttindi sem tilgreind eru í Flóttamannasamningnum.“ (Heimild: Rauði kross Íslands, [www.redcross.is](http://www.redcross.is))

Á síðustu fimm áratugum hefur nokkrum milljónum manna verið veitt hæli í löndum um allan heim. Sem stendur eru um það bil 1,2 milljónir umsókna hælisleitenda til meðferðar í heiminum.

## Umsókn um landvistarleyfi

1. Családi és utónév	
2. Дата і месца нараджэння	
3. Viimeisin osoite	
4. Անձնագրի հասցի	
5. Επάγγελμα ή κύρια απασχόληση	
6. Başvuran kişiye eşlik eden refakatçı veya yakınlarının isimleri	
7. Meio e local de entrada no país	
8. Ghaliex titlob għall-azilju?	
9. Свидетельство преследований, на основании которых составлено заявление	
10. Avez-vous présenté une demande d'asyle auparavant? Veuillez donner des détails sur les pays, les dates et les motifs.	
11. Dali imate rodnini ili poznanici vo ovaa zemja? Ako imate, navedete gi iminjata i adresite.	
12.	<p>ما هي اللغات التي تتكلمها وما هي مستوى ثقافتك</p>